

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79/1995, um greiðslu barnabóta á árinu 1995.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Barnabætur greiðast til framfæranda barns þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.
8. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. mars 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78/1995, um greiðslu barnabótaauka á árinu 1995.

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.

Endurprentað blað.

6. Ógaldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.
8. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. mars 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Dalabyggð.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalabyggðar er árlega heimil álagning sérstaks sorphirðugjalds (sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | | |
|---|-----|-------|
| * Íbúðir og fyrirtæki í þéttbýli | | |
| sorphirðugjald hver eining (160 ltr.) | kr. | 7.500 |
| * Íbúðir í dreifbýli, sumarbústaðir og hjólhýsi | | |
| sem notuð eru sem sumarbústaðir | kr. | 3.000 |
| * Fyrirtæki sem ekki hafa sorphlát | kr. | 3.000 |

Þeir sem leigja eða reka eigin sorphlát samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar um sorphirðu í Dalabyggð frá 13. mars 1995 eru gjaldfrjálsir.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Dalabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfísráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.